

Breiðabólsstaðir.

Hér með er sótt um styrk til Garðabæjar um að fella niður Fasteignagjöld á íbúðarhúsi sem heitir Breiðabólsstaðir og er á norðurnesi við jöfraveg á Álftanesi árið 2017.

Húsið hefur verið í miklum endurbættum. Allt hefur verið gert upp eins upprennanlegt og hægt var. Húsfríðunarnefnd hefur annast haldgóðar leiðbeningar um uppgerð húsinns eins og smíðir við uppgerð á húsinu. Húsið er Friðlýst samkvæmt lögum.

Saga húsinns:

Hús Erlends hreppstjóra er skv. Örnefnalýsingu „hlaðið úr höggnumsteini og límt með kalksandi. Húsið Grund er áfast við gamla steinhúsið. Eyrarhús var við Seyluna, fisktökuhús rífið um 1883 og viðirnir notaðir í steinhúsið á Breiðabólsstöðum. Í Endurminningum sínum frá 1945 er Erlendur Björnsson með ýtarlegri lýsingu: „Skal nú lýst stóru sjávarheimili, eins og það var á vetrarvertíð, og nefni ég þá heimili Erlends Erlendssonar, hreppstjóra á Breiðabólsstöðum, sem bjó á móti móður minni. Hann bjó í stóru steinhúsi sem hann byggði árið 1884. Það er fjórtán álnir á lengd, en níu álnir á breidd með kjallara og portbyggt. Á vertíðum voru fjörutíu manns í húsi þessu. Húsið var byggt úr klofnu og höggnu grjóti, sem tekið var víðsvegar í landareigninni. Grjótið var klofið þar, sem það var, og allt borið heim á tveggja og fjöggra manna börum, en höggvið og lagað betur heima. Veggirnir voru tvöfaldir og loft á milli, og yfir gluggum og dyrum voru drangar svo langir, að þeir náðu alveg yfir. Er hús þetta að öllu leyti ágætt enn í dag. Timbur allt og þak í húsi Erlends var komið úr gríðarstóru salthúsi og fiskhúsi, er stóð fyrrum á Eyrinni niðri við Seyluna í landareign Breiðabólsstaða. Siemenssverzlun átti þetta hús fyrst. Á vorin kom skip inn á Seyluna með salt, er skipað var upp í þetta hús, en seinni part sumars seldu bændur verkaðan og þurrkaðan saltfisk kaupmanni þeim, er átti þetta hús, og fluttu fiskinn í það. Kaupmaður sá, er verzlaði þarna síðast, hét G. E. Unbehagen, og átti hann þetta gríðarmikla hús.